


---

# BLÁÐ




---

13. árg. des. 1991. 2. tbl.

---

**IDJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS**

---



## BETRI SVEFN BETRI SLÖKUN

Í dag eru allir helstu fagmenn á þessu sviði á sama máli og DUX:

Fyrirmyndardýnan á að hafa mjúkt efra lag og hart neðra lag, þannig að hryggurinn hvíl-ist alltaf í eðlilegri stellingu.

DUX hefur ávallt framleitt dýnur í samræmi við þessa reglu.

En það er fyrst með tækniframförum nútímans, sem tekist hefur að sanna að DUX-reglan býður upp á einstæðan svefn og betri slökun.

Á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi hefur umfangsmiklum rannsóknagögnum verið safnað saman. Í þeim kemur hvað eftir annað í ljós að DUX-dýnan ber af öðrum.

Leyndardómur DUX-dýnunnar felst í tvöfaldri fjöðrun úr sérstöku stáli.

Harður neðri hlutinn tryggir djúpfjöðrun og tekur á móti öflugum hreyfingum.

Efri hlutinn, sem er mýkri, gefur eftir þar sem hann verður fyrir þrýstingi og lagar sig þannig að líkamanum. Hann lætur undan þrýstingi frá öxlum og mjöðmum, en styður þægilega við mitti og fótleggi.

Meira en 1000 gormar eru til taks að bregðast við sérhverri hreyfingu líkamans.

Með tilliti til gæða er Dux einnig öðrum dýnum fremri. Sérhver hlutur er valinn af kostgæfni með hliðsjón af því hlutverki, sem honum er ætlað. Dýnurnar gangast undir prófanir, sem jafngilda meira en tuttugu ára tillitslausri notkun.

### STÆRÐIR Á DÝNUM:

|         |          |
|---------|----------|
| 90 × 2  | 140 × 2  |
| 105 × 2 | 165 × 2  |
| 120 × 2 | 90 × 210 |



## HRINGIÐ Í

# 27560

...og við sendum þér að kostnaðarlausu nákvæmar upplýsingar um betri og dýpri svefn í sænsku DUX heilsurúmi




Faxafeni 7  
Sími 689950 POST BOX: 8953 Reykjavík

**ÍÐJURJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS**

**BLAÐIÐ**

# TRIPP TRAPP®

Stóllinn sem vex með barninu.  
Situr barnið þitt rétt við borðið?



Ef þú kaupir TRIPP TRAPP® vex barnið ekki upp úr stólnum heldur vex stóllinn með barninu.

**Aðeins það besta fyrir barnið.**

Enn meira vöruúrval.

Stærta og betra húsnæði á sama stað.



ALLT FYRIR BÖRNIN

Klapparsíg 27 · ☎ 91-19910

---

# ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8845

128 Reykjavík

---

**PRENTUN:** Offsetfjölritun h.f.  
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

**RITNEFND:** Elsa Þorvaldsdóttir  
Gerður Gústavsdóttir  
Kristjana Ólafsdóttir  
Unnur Jóhannesdóttir

**STJÓRN:** Hope Knútsson formaður  
Sigrún Garðarsdóttir varaformaður  
Anna Guðrún Arnardóttir ritari  
Valrós Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri  
Lilja Ingvarsson stjórnarmeðl.  
Anna Sveinbjörnsdóttir varamaður  
Bára Sigurðardóttir varamaður

|                                                   | Bls. |
|---------------------------------------------------|------|
| <b>EFNISYFIRLIT:</b>                              |      |
| Kæru iðjupjálfar                                  | 5    |
| Hátíðarræða í tilefni þess að 15 ár eru síðan     |      |
| Iðjupjálfafélag Íslands var stofnað               | 6    |
| Ráðgjafadeild um mismunandi tjáskiptaleiðir       | 8    |
| Vangaveltur um ADL                                | 10   |
| Starf iðjupjálfa við Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík | 12   |
| Vímulaus vellíðan                                 | 13   |
| Störf afmælisnefndar                              | 18   |
| 15 ára afmæli I.Í.                                | 19   |
| WFOT Foundation Award                             | 20   |
| Fréttir                                           | 21   |
| Lausar stöður                                     | 22   |
| Félagatal                                         | 23   |



VINNU- OG DVALARHEIMILI

**SJÁLFSBJARGAR**

HÁTÚNI 12 - SÍMI 29133 - PÓSTHÓLF 5016  
125 REYKJAVÍK - ÍSLAND

## IÐJUPJÁLFAR

Við í Sjálfsbjörg leitum eftir iðjupjálfa til starfa. Um er að ræða 100% stöðu.

Meginverkefni starfsmannsins yrði í byrjun að taka þátt í uppbyggingu endurhæfingaríbúðar í Sjálfsbjargarhúsinu. Annað meginverkefni starfsmannsins yrði að byggja upp iðjupjálfunardeild í húsinu.

Aðstaða fyrir iðjupjálfa er nú þegar fyrir hendi.

Frekari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Tryggvi Friðjónsson í síma 91-291333

E.S. Það gæti borgað sig að hafa samband.

## STYRK TARLÍNUR

|                     |                                   |                       |
|---------------------|-----------------------------------|-----------------------|
| Alheimskraftur      | Engihjalla 8                      | s. 46900              |
| Remedia             | Borgartúni 20                     | s. 627511             |
| Ræsir hf.           | Skúlagötu 59                      | s. 619550             |
| Securitas           | Síðumúla 23                       | s. 687600             |
| Sess                | Faxafeni 9                        | s. 679399             |
| Skóstofan sf.       | Dunhaga 18                        | s. 21680              |
| Þórir B. Guðjónsson | Hafnarbraut 1d<br>Kársnesbraut 91 | s. 40233<br>s. 641533 |
| A. Karlsson         | Brautarholti 28                   | s. 627444             |

## KÆRU IÐJUBJÁLFAR!



Fyrir hönd I.Í. óska ég ykkur innilega til hamingju með 15 ára afmæli félagsins. Í þessu ávarpi ætla ég ekki að rekja sögu I.Í. frá upphafi, enda var það gert ítarlega í Bláinu á 10 ára afmæli félagsins. Við megum vera stolt af því að hafa í öll þessi ár haldið saman sögu félagsins í máli og myndum í svokölluðum úrklippumöppum. Ég ætla því hér að stikla á stóru varðandi þróun félagsins og leggja áherslu á þá þætti sem eru á döfinni.

Við stofnun I.Í. fyrir 15 árum voru félagsmenn 12 en hefur fjölgað í 67 þrátt fyrir að ekki sé iðjubjálfaskóli á landinu. Skólanefnd félagsins hefur verið virk undanfarin ár og unnið markvisst að því að stofnuð yrði námsbraut í iðjubjálfun innan Háskóla Íslands. Þrátt fyrir að málið hafi fengið jákvæðar undirtektir bæði í Menntamálaráðuneyti og H.Í., þá virðist enn

vera langt í land að iðjubjálfadeild verði að veruleika.

Annað verkefni sem er mjög brýnt innan félagsins er að reyna að ná samningi við Tryggingastofnun Ríkisins um greiðslu vegna göngudeildarþjónustu. Trygginganefnd félagsins hefur verið endurvakin eftir nokkurra ára hlé og mun væntanlega gera sitt besta til að árangur náist í þessu máli.

Mikil gróska er í fræðslustarfsemi félagsins og hafa fjölmargir erlendir iðjubjálfar komið og haldið námskeið og fyrirlestra á undanförunum árum. Auk þess hafa ýmsir íslenskir iðjubjálfar haldið námskeið fyrir starfsbræður sína.

Við iðjubjálfar erum að verða þekktari og þekktari og höfum við öðlast sess í hugum fólks sem háskólamenntuð stétt. Fulltrúar okkar hafa fengið góðan orðstír á mörgum sviðum og ber hæst Guðrúnu Arnadóttur, sem hefur gert rannsóknir og þróað fagið á heimsmælikvarða og um leið varpað sviðsljósi heimsins á iðjubjálfun á Íslandi.

Við höfum byggt upp jákvæð tengsl við aðrar stéttir í gegnum þátttöku í þverfaglegum nefndum og félögum.

Hápunkturinn í því sambandi var nýlega þegar stjórnir I.Í. og Félags íslenzkra sjúkraþjálfara héldu fund til að ræða sameiginlegar aðgerðir varðandi samning við T.R. Jafnframt bárum við saman bækur okkar um fleiri mál.

Í október var stigið stórt skref í þróun félagsins þegar fyrsta landsbyggðadeildin var stofnuð á Akureyri af þeim iðjuþjálfum sem þar eru búsettir. Við fögnum þessu framtaki innilega.

Framundan er útgáfa nýs kynningarbæklings og í byrjun næsta árs tökum við í fyrsta sinn þátt í námskynningu í

Háskóla Íslands. Vonandi verður þetta tvennt til að auka enn frekar þekkingu á faginu og e.t.v. vekja áhuga einhverra á að nema iðjuþjálfun.

Við getum verið stolt af árangri fyrstu 15 árin og það er von mín að áframhald verði þar á.

---

Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfari

## HÁTÍÐARRÆÐA Í TILEFNI ÞESS AÐ 15 ÁR ERU SÍÐAN IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS VAR STOFNAÐ

Kæru kollegar!

Til hamingju með 15 ára afmælið.

Mér hefur hlotnast sá heiður að halda hátíðarræðuna í tilefni afmælisins. Ég hef lagt hart að mér að fá að vera hér og ekki ófáir iðjuþjálfarnir sem ég hef þurft að múta. Ég hef þurft að hækka óbreytta iðjuþjálfu í tign og skrifað undir ómælda yfirvinnu.

Ég vona svo sannarlega að ég hafi ekki verið plötuð. Þær í skemmtinefndinni sögðu að nú væri breyttir tímar í félaginu. Iðjuþjálfar hefðu boðið sig fram í bunum því allir vildu halda hátíðarræðuna. Ég frétti það t.d. að Finnur hefði hætt við að mæta hér í kvöld úr því að hann fékk ekki að halda ræðuna.

Nú þegar ég er búinn að troða mér í sviðsljósið er ég í vafa um hvort ég er þess verðug. Ekki hef ég unnið fyrir félagið í hinum ýmsu nefndum. Ekki

hef ég vakað langt fram eftir nóttu með skýrslur um skólamál, tryggingamál, undirbúið fræðslufundi eða haldið fyrirlestra fyrir félagið á ráðstefnum. Ekki mæti ég á félagsfundi til að heiðra formann okkar með nærveru minni þegar hún fer yfir öll þau bréf, tilkynningar og fundi sem hún fer á fyrir félagið, bara ánægjunnar vegna.

Tímarnir hafa svo sannarlega breyst. Þegar ég hóf minn feril í félaginu fyrir rúmum 10 árum, þá höfðu félagarnir stórt spjald framan á sér á félagsfundum sem stóð á hvað mikið þeir höfðu starfað fyrir félagið og í hve mörgum nefndum þeir væru. Fundirnir gengu út á að fylla spjaldið út. Hann elsku Jón minn beið ætíð spenntur eftir því að ég kæmi heim til að sjá hvað staði nú á mínu korti. Það gaf honum alltaf vísbendingu um í hvernig skapi ég yrði næstu vikurnar. Ekki þýddi að skrópa

á félagsfundum þá var manni bara hengt með því að vera settur t.d. í einhverjar óvinsælar nefndir, blaðaviðtal eða eitthvað álíka og það var hið versta mál fyrir óframfærna og lítilláta iðjuþjálf.

Þetta félag hefur ekki ósvipuð einkenni og það að vera íslendingur.

- Mest virkir meðlimir miðað við félagatölu.
- Flestir í nefndum miðað við félagatölu.
- Flestir trúarleiðtogar innan félagsins miðað við félagatölu.
- Fæstir karlmenn miðað við fótatölu o.s.frv.

Og hvernig er nú máltækið: "vinnan skilar erfiði" eða "erfiði skilar vinnu". Nei það var: "þú uppskerð það sem þú sáir". Það hafa iðjuþjálfar gert á mörgum sviðum.

Við þurfum ekki lengur að berjast fyrir viðurkenningu. Okkur er sjaldan ruglað saman við "alt for damerne" og önnur prjónablöð. Ég sem iðjuþjálfur veit að ég er eftirsóknarverð og þó það sé erfiður baggi að bera, að aðeins eru til örfá eintök, er það alveg einstök tilfinning.

Ef ég hef þurft að gefa upp starfsheiti þegar ég sjálf hef þurft á sálfræðingum að halda "nóta bene", sérfræðingum sem hafa iðjuþjálfar sem samstarfsmenn, hef ég fengið þessi viðbrögð: "Iðjuþjálfur...hm já... þið eruð víst í tísku núna. Hvaða vinnustaður er svo heppin að hafa þig. Það er voða erfitt að fá iðjuþjálfar til starfa. Þú veist ekki um neinn sem er á lausu, er það".

Og ekki er það verra að vera búin að eignast enn einn trúarleiðtogann í félagið. Hope hefur nú alltaf verið mjög

sérstakt eintak. Hún hefur verið virk í hinum ólíklegustu málum og fræðimaður mikill. Ég hef aldrei þurft að fara á bókasafn eftir að ég kynntist Hope. Ég hringi bara í hana og þá fæ ég að vita það nýjasta í heilbrigðismálum. Nógu stolt var ég að hafa aðgang að slíkri manneskju en stéttarstoltið ætlaði að springa þegar Guðrún Árnadóttir gaf út bókina sína A-one. Það réttist úr kryppunni og ég gekk um og hengdi í fyrsta sinn upp starfsmannaskírteinið mitt á Landsspítalanum svo allir gætu nú séð að ég væri iðjuþjálfur. Læknar höfðu orð á þessum iðjuþjálfar því myndir og blaðastúfar birtust í blöðunum eftir útgáfu bókarinnar.

Á geðdeildinni fóru að berast undarlegar beiðnir um meðhöndlun sjúklinga og allt í einu átti fólk að fara í gegnum ADL mat hjá iðjuþjálfum. Uppi varð fótur og fit, hvað væri að gerast. Þegar öll kurl komu til grafar var þetta bara óskhyggja hjá ákveðnum lækni að allir iðjuþjálfar væru eins og kynnu allir það sama. Ég þurfti að útskýra fyrir honum á máli sem hann skildi að iðjuþjálfar væru ekkert ósvipaðir læknum sem væru sérfræðimenntaðir. Þú ferð ekki að tala um gyllinæð við háls-nef og eyrna-sérfræðing.

Iðjuþjálfar aðlagast nýrri tækni og nú eru tölvur alls ráðandi. Þessum gömlu eins og mér finnst stundum nóg um. Ef maður fylgist ekki vel með faginu er maður fljótur að verða hallærislegur. Ég skildi svo vel hana Ingibjörgu þegar hún sagði þessi fleygu orð. "Iðjuþjálfarnir hér á Reykjalundi eru orðnir svo tölvuvæddir að það er ekki hægt að gera neitt hér án þess að nota tölvur. Þær geta t.d. ekki leyst vind nema í gegnum tölvurnar". Ég bíð bara eftir því að þær verði svo leiknar að þær fari

að fjölfalda iðjuþjáfa því ekki hyllir í skóla á næstunni.

Iðjuþjálfar geta verið stoltir af því sem þeir hafa áorkað síðustu 15 ár. Ég ætla ekki að tíunda neitt sérstakt því ég gleymi örugglega einhverju mikilvægu. Hver og einn sem hérna situr veit vel hvað honum finnst merkilegt í 15 ára sögu félagsins. Og þegar er um að ræða svo lítið félag eins og okkar þá

hafa allir tekið þátt í uppbyggingunni. Við eigum dugmikla og áhugasama félaga, þó alltaf vanti einhverja í nefndir.

Til hamingju iðjuþjálfar. Til hamingju lífsförunautar. Ef þið eruð ekki enn búnir að fatta hve lánsamir þið eruð að eiga iðjuþjálfu fyrir maka þá hljótið þið að gera það nú.

---

Snæfríður Þóra Egilsson iðjuþjálfri

## RÁÐGJAFARDEILD UM MISMUNANDI TJÁSKIPTALEIÐIR

### INNGANGUR

Um síðustu áramót var sett á stofn við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins "Ráðgjafardeild um mismunandi tjáskiptaleiðir". Slíkum málum hefur alla tíð verið sinnt á Greiningarstöðinni en það var mál manna að heppilegan farveg vantaði, m.a. svo að hægt væri að sinna eftirfylgd og ráðgjöf á sem bestan hátt. Erlendis tíðkast æ meir að komið sé á laggirnar sérhæfðum stofnunum eða deildum er veita þjónustu á þessu sviði og mjög algengt að iðjuþjálfar starfi þar ásamt með öðru fagfólki. Iðjuþjálfinn tekur þátt í teymisvinnunni í kringum hinn fatlaða, með mati á hreyfipáttum, skynjun og skynúrvinnslu, auk ytri þátta, svo sem umhverfi og ytri aðstæðum. Þessir þættir ákvarða með öðru val á tjáskiptaformi. Iðjuþjálfinn

veitir leiðbeiningar um vinnustellingar, aðlögun tákntöflu, notkun tjáskiptahjálpartækja, auk beinnar þjálfunar. Hér á eftir fer samantekt um starfsemi deildarinnar.

### MARKHÓPUR

Markhópur deildarinnar eru þau börn er vegna fötlunar (mál-/hreyfihömlunar) þurfa aðrar tjáskiptaleiðir í stað eða til stuðnings töluðu máli. Deildin sinnir einnig eldri einstaklingum, þar sem þörf er á sérhæfðri reynslu/þekkingu og ekki eru tiltækir aðrir greiningar-/þjálfunaraðilar. Þetta á við um táknkerfisnotendur á öllum aldri og notendur sérhæfðra tjáskiptahjálpartækja.

## VERKSVIÐ

Verksvið deildarinnar er fjölþætt og tekur yfir eftirtalin atriði:

- Mat/aðstoð við val á tjáskiptaleiðum/formum.

(með/án tjáskiptahjálpartækja)

Þetta getur ýmist átt sér stað á Greiningarstöðinni með stuttri dvöl (greining/meðferð), eða þar sem hinir fötluðu dvelja (skóli/stofnun)

- Þjálfun/eftirfylgd.
- Ráðgjöf til/samvinna við foreldra og fagfólk.
- Fræðsla/þjálfun fagfólks og aðstandenda fatlaðra í formi kynningar, styttri/lengri námskeiða.
- Samvinna við fagfólk er vinnur með svipaðan markhóp á öðrum stofnunum.
- Samvinna við aðila er vinna að tæknilegum úrlausnum fyrir fatlaða.

## TILVÍSUN

Tilvísun til deildarinnar kemur ýmist:

- Frá öðrum deildum Greiningarstöðvar.
- Frá fagaðilum/aðstandendum fatlaðra (sjá 3.1 í handbók Greiningarstöðvar) einkum ef um eldri einstaklinga er að ræða.

Forsenda tilvísunar er að fyrir liggi greining á fötlun viðkomandi, s.s. greind, málþroski og hreyfifærni.

## MANNAHALD

Við deildina starfa talmeinafræðingur og þroskaþjálfari ásamt iðjuþjálfara. Aðrir fagaðilar Greiningarstöðvar eru kallaðir til ef þörf krefur. Þá hefur deildin aðgang að tæknimanni, með sérþekkingu á ýmsum tæknilegum úrlausnum fyrir fatlaða.

## TJÁSKIPTAHJÁLPARTÆKI

Deildin hefur yfir að ráða nokkru úrvali af sérhæfðum tjáskiptahjálpartækjum:

- einföldum s.s. myndefni og tákna-spjöldum.
- tæknilegum, sérhæfðum rofabúnaði tölvum o.fl.

Þennan búnað má nota til prófunar og þjálfunar. Þar sem um takmarkað magn er að ræða er ekki gert ráð fyrir útláni nema að litlu marki. Sérfræðingar deildarinnar leitast við að, hafa tiltækar upplýsingar um hin ýmsu tjáskiptahjálpartæki, reynslu af þeim og möguleika á aðlögun.

## LOKAORÐ

Eins og fram kemur hér að ofan er starfsemin enn í mótun, en að mati okkar er starfa við deildina lofar byrjunin góðu. Þegar hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum, sérstaklega í námskeiðahaldi og ráðgjöf. Samvinna við aðrar meðferðarstofnanir fer vaxandi og vonumst við til að þróunin verði áfram jafn ánægjuleg.

## VANGAVELTUR UM ADL

Hvað merkir ADL í ykkar huga? Við hér á Reykjalundi höfum undanfarið verið að velta fyrir okkur skilgreiningu orðasambandsins. Í því sambandi erum við að leita í fagbókmenntum að skilgreiningum frá ýmsum löndum. Í kennslubókum um iðjubjálfun er hugtakið yfirleitt ekki skilgreint og okkur finnst ekki samræmi í notkun orðasambandsins í fagbókmenntunum. Ef þið hafið eitthvað til málanna að leggja væri gaman að heyra í ykkur. Hvernig er þetta í hinum ýmsu löndum sem þið lærðu í?

Til er á vegum Ameríska iðjubjálfafélagsins samræmd fagorðaskrá innan iðjubjálfunar með skilgreiningum og birtist í ameríska iðjubjálfablaðinu "The Journal of Occupational Therapy" í desember 1989, volume 43, number 12. Þar segir að skilgreiningarnar hafi verið búnar til, til að auðvelda notkun fagorða og skilgreininga hjá stéttinni. Frumritið (hið upprunalega plagg) "Occupational Therapy Product Reporting system and Uniform Terminology for Reporting Occupational Therapy Services" var gefið út 1979. Sú útgáfa lagði grunn að fagorðum innan iðjubjálfunar í Bandaríkjunum og var notuð í mörgum opinberum plöggum ameríska iðjubjálfafélagsins, í námsskrá iðjubjálfa og í faggreinum á hinum ýmsu iðjubjálfunarsviðum. Til þess að gæta þess að fagorðin og iðjubjálfastarfið væri í samræmi hvort við annað þ.e.a.s. fagorðin væru í takt við tímann, var fyrsta

plaggið í endurskoðun í nokkur ár með stöðugri svörun frá iðjubjálfum víðs vegar um Bandaríkin og af ýmsum sviðum. Endurskoðuninni var lokið 1988. Það er sjálfsagt og mælt með að plagg af þessu tagi sé endurskoðað reglulega og breytt með tilliti til nýjustu kenninga og nýjungar í starfi.

Ameríkanarnir skipta "Occupational Performance Areas" (eruð þið með góða hugmynd að þýðingu á því?):

A: Athafnir daglegs lífs

B: Störf

C: Leik eða tómstundir

Undir Athafnir daglegs lífs flokkast: snyrting, tannhirða, böðun, að fara á salerni, klæðnaður, borðhald, lyfjataka, félagsleg hæfni, tjáskipti, ferli (inni og úti) og kynlíf. Þið sjáið að nauðsynlegt er að láta skilgreiningar fylgja til að vita nákvæmlega hvað við er átt. Ég læt ykkur eftir að fletta því upp ef þið hafið áhuga.

Störf flokkast í fernt: hússtjórn, umsjá annarra, nám og atvinna.

Leikir eða tómstundir flokkast í tvennt: að finna sér áhugamál og taka þátt í þeim.

Í Danmörku er ekki til nein opinber samræmd orðaskrá yfir dönsk fræðiorð innan iðjubjálfunar. Jytte Tjørnov greinir frá þessu í bók sinni "Ergoterapi, baggrund og udvikling" sem

gefin var út 1987. Hún segir að það sem næst komist því sé "Betænkning om uddannelse af ergoterapeuter og fysioterapeuter 1981" og í "Ergoterapeutens funtions og arbejdsområder 1982". Eins og gefur að skilja fjallar hún töluvert um ADL, látum hana hafa orðið: "ADL er algengasta og mest notaða hugtakið innan iðjupjálfunar yfir athafnir mannsins. ADL er stytting á Activities of Daily Living og er þýtt á dönsku sem ; almindelig daglig livsførelse, og dagligdagens aktiviteter, aktiviteter i hverdagslivet eða de daglige aktiviteter". Jytte segir að í Danmörku noti iðjupjálfar ADL hugtakið í breiðum skilningi, þ.e.a.s. ADL eru allar daglegar athafnir í tengslum við eigin umsjá, heimili, vinnu og frístundir. Í bókmenntum skrifuðum á enska tungu er notuð þrengri skilgreining á ADL hugtakinu þ.e.a.s. frumathafnir tengdar eigin umsjá (snyrting, salernishreinlæti, klæðnaður og borðhald) að sögn Jytte.

Til eru hugtökin PADL (Physical activities og daily living) og IADL (instrumental activities of daily living).

Í greinum danska iðjupjálfans Kirsten Avlund í Ergoterapeuten 8/88 og 9/88 segir hún m.a. þetta um PADL: PADL felur í sér grundvallar atriði daglegra athafna, sem nauðsynlegt er fyrir allt fólk að framkvæma óháð kyni, menningu, búsetu og áhugamálum. Þessi atriði eru böðun, klæðnaður, að fara á salerni, stjórn á þvagi og saur, borðhald og ferli. M.t.t. PADL segir Kirsten að það sé ekki nauðsynlegt að greina á milli hvað fólk getur og hvað það gerir, því að PADL er framkvæmt af öllum.

Um IADL skrifar Kirsten m.a. IADL nær yfir flóknari og opnari athafnir,

sem nauðsynlegar eru til að lifa sjálfstæðu lífi í þjóðfélaginu. Launað starf er besta dæmi um IADL, en á eftirlaunaaldrinum verða aðrar daglegar athafnir mikilvægari til að lifa innihaldsríku lífi. Þær athafnir sem oftast eru nefndar undir IADL eru; notkun síma, ferðalög, innkaup, eldun, heimilisstörf, þvottur, húsaviðgerðir/viðhald, umsjón með lyfjatöku og fjárhag. IADL er hægt að flækja með margskonar vandamálum: Í *fyrsta lagi* er mikil óeining um hvaða athafnir heyra undir IADL. Þetta stafar fyrst og fremst af því að þættir IADL eru háðari kyni, menningu, búsetu, og áhugamálum. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að IADL-athafnir séu raunhæfar fyrir þann þjóðfélagshóp sem um ræðir. Í *öðru lagi* er mikilvægt að greina á milli þess hvað fólk gerir og hvað fólk getur. Ýmsar athafnir eru kynbundnar, t.d. er það mun algengara að konur sjái um matseld og þótt karlmenn geti eldað er ekki þar með sagt að þeir geri það eða fái að gera það. Einnig er oft ekki tækifæri til að framkvæma athöfnina, t.d. ef viðkomandi hefur ekki garð er garðvinna auðvitað ekki raunhæf. Í *þriðja lagi* verður getustigið að skoðast gaumgæfilega. Með getustigi er átt við hvort og hvernig viðkomandi getur framkvæmt ákveðna athöfn, ákveðin mælistika t.d. getur-getur með erfiðleikum- getur ekki er þá notuð.

Mælingar á getu innan PADL snýr mest að veikari einstaklingum á meðan IADL snýr meira að frískara fólki.

Kirsten gefur ekki upp í greinum sínum hvaðan þessi skipting í PADL og IADL er komin.

Fleiri skiptingar á ADL höfum við

heyrt svo sem primær ADL, secondær ADL og jafnvel tertier ADL. Hvað finnst ykkur um það?

Á samnorrænu þingi um ADL í Noregi í nóvember 1989 kom hvergi fram sameiginleg skilgreining á ADL. Tveir fyrirlesarar minntust á hvað þeir ættu við með ADL en hinum fannst greinilega sjálfsagt að allir legðu það sama í hugtakið. Þó heyrðist rödd sem mælti með sérstöku þingi um skilgreiningu orðasambandsins.

Jæja ég hef hér dreift hugtakinu ADL en ekki komið víða við né kafað djúpt. Okkur (iðjuþjálfar Reykjalundar) langar til að taka efnið fyrir á félagsfundi á Reykjalundi í nóvember á skipulegan og vonadi skemmtilegan hátt. Gaman væri ef sem flestir sjái sér fært að mæta, svo við getum komið okkur saman um íslenska skilgreiningu á ADL. Þetta gæti orðið vísir að samræmdri íslenskri orðaskrá yfir fræðiorð iðjuþjálfunar.

---

Katla Kristvinsdóttir iðjuþjálfari

## STARF IÐJUÞJÁLFA VIÐ ÖSKJUHLÍÐARSKÓLA Í REYKJAVÍK

Öskjuhlíðarskóli er grunnskóli fyrir proskaheft og fjölfötluð börn og unglinga.

Eftir 10. bekk eða 16 ára aldur eiga þau kost á 2 ára framlengingu á námi við skólann og verður það væntanlega áfram.

Nemendurnir eiga við mismunandi fötlun að stríða s.s. almenna proska-skerðingu og/eða hreyfihömlun, málhömlun, einhverfu og eru blindir. Fjöldi nemenda er 120 skólaárið 1991-92. Flestir nemendurnir eru frá Reykjavík og Reykjanesumdæmi. 5 nemendur eru annars staðar frá landinu.

Við skólann starfa eftirtaldar starfstéttir: almennir kennarar, sérkennarar með 1 - 4 ára framhaldsmenntun, sér-

greinakennarar, þroskaþjálfar, fóstrur, sálfræðingur, félagsráðgjafi, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfari í 60% starfi, hjúkrunarfræðingur, læknir og tannlæknir.

Námið miðast við getu nemendanna, hæfni þeirra og þarfir og geta stunda-töflur nemenda í sama bekk litið mismunandi út.

Ég hóf störf við skólann haustið 1990 og er því að hefja annað starfsár mitt þar.

Ekki hafði áður verið fastráðinn iðjuþjálfari við skólann, en iðjuþjálfar Æfingastöðvar SLF höfðu áður þjónað skólanum í 6 ár, með vikulegum heim-sóknum. Ég tók þátt í þeirri vinnu '84 - '86 þegar ég vann hjá SLF. Þannig að ég þekkti lítilla til bæði nokkurra nemenda og starfsfólks.

Ég deili aðstöðu með sjúkraþjálfurum (2 í 1 stöðu), það þýkir ekki stórt í dag (ca 40m<sup>2</sup>), en með hagræðingu á vinnutíma og góðum vilja gengur allt vel.

Nemendur sem koma í iðjuþjálfun koma skv. beiðni læknis, ósk starfsfólks eða foreldra. Síðan met ég hvort nemandinn þarf áframhaldandi iðjuþjálfun eða einungis mat og ráðgjöf.

Ég starfa í náinni samvinnu við sjúkraþjálfara, kennara og annað starfsfólk og ríkir góður samstarfsandi í skólanum.

Tvo morgna í viku (9.00 - 12.30) tek ég þátt í hóppjálfun með 4 hreyfihömluðum nemendum.

Þeir eru í þeirri þjálfun 4 morgna í viku og síðan í skólanum e.h. Það er mjög gefandi að vinna svo náðið og í svo langan tíma í einu með nemendum.

**Starfinu má skipta í eftirtalda flokka:**

1. Mat - athugun
  - Líkamlegt/hreyfifærni

- Skynprófun/snertiskyn, (hreyfi- og stöðuskyn)
- Einbeiting/hegðun/úthald

2. Þjálfun á ofangreindum atriðum

3. ADL

1. Klæðnaður
  - Borðhald
  - Umferð innan húss
  - Tjáskipti
2. Umhverfisþjálfun

4. Hjálpartæki

- Mat - ráðgjöf
- Umsókn hjálpartækja
- Leiðbeiningar/þjálfun í notkun hjálpartækja

5. Heimilisathugun

6. Spelkugerð

7. Samvinna við aðstandendur og aðra meðferðaraðila

8. Skýrslugerð

---

F.h. iðjuþjálfar á Reykjalundi  
Ingibjörg Pétursdóttir iðjuþjálfari

## VÍMULAUS VELLÍÐAN

Vímulaus vellíðan nefndist ráðstefna sem haldin var í Mosfellsbæ dagana 20.-22. júní sl. Meðal tæplega 100 þátttakenda voru 6 iðjuþjálfar, 2 starfandi á Landspítalanum og 4 frá Reykjalundi. Námskeiðið var haldið á vegum Unglingaheimilis ríkisins og Dr. Harvey

Milkman sem er sálfræðingur og prófessor við háskólan í Denver Colorado í Bandaríkjunum.

Okkur, sem námskeiðið sóttum, fannst þetta svo spennandi og góð upplifun að við getur ekki látið hjá líða að leyfa

ykkur, sem ekki voruð með, að heyra aðeins um þessa daga.

Í kynningarpésa námskeiðsins segir m.a. "Sá sem kynnist þeirri vellíðan sem fylgir líkamlegri áreynslu, dansi, leik og gleði, hvíld og slökun þarfnast ekki annarrar vímu" - og þátttakendur fengu sannarlega að reyna þetta. Við vorum í "vímulausri vellíðan" alla dagana og meira og meira eftir því sem á leið. Alveg stórkostlegt!!!!

Fyrsta daginn voru haldnir fyrirlestrar og voru þeir fluttir af Harvey Milkman og landa hans Stanley Sunderwirth. En þeir félagar hafa skrifað saman bók sem nefnist "Craving for Ecstasy". Sá síðar-nefndi fjallaði í sínum fyrirlestri um hvernig efnaskipti heilans hafa áhrif á hugsanir, tilfinningar og atferli og hvernig viljinn til að stefna að vímulausri vellíðan er háður því að einstaklingurinn skilji hvernig efnavirkni heilans, persónugerð og atferli fléttast saman. Það var með ólíkindum hvað Sunderwirth gat fjallað um efnaskipti heilans á skemmtilegan og lifandi hátt enda - "Natural high".

Harvey Milkman nefndi sinn fyrirlestur "Hugsað um heilbrigða barnið". Hann fjallaði m.a. um hlutverk fjölskyldulífs og menningar í mótun einstaklingsins. Hann lýsti hvernig ýmsar fjölskyldu-aðstæður nútímans - einstæðir foreldrar, einangrun kjarnafjölskyldunnar, ungir foreldrar, foreldrar í vímuefna-neyslu - skapa börnum mismunandi uppvaxtarskilyrði. Fyrirlestur Harveys var mjög áhugaverður og spennandi. Inn í hann voru flétuð ýmis verkefni fyrir áheyrendur.

Við sátum þó ekki bara á fyrirlestrum þennan dag. Það voru nefnilega haldin

heilsuhlé, þar sem boðið var upp á heilsufæði og leikfimi á íþróttavellinum neðan við skólann, þar sem námskeiðið var haldið. Það var mikil upplifun að sjá allt kaffidrykkju- og kyrrsetufólkið svolgra í sig ávaxtasafa með gulrótunum og trimma á einum fullkomnasta íþróttavelli á Íslandi - svitinn bogaði af okkur, (það var líka glampandi sól og hiti!!) - en mikið svakalega leið okkur vel á eftir.

Um kvöldið var svo danssýning "Gjör mér Friðarfljót". Þar sýndu dans, bandarískur dansari af bestu gerð, Cleo Parker Robinson, auk kennara og nemenda úr Kramhúsinu og frá Danssskóla Báru. Sýning þessi var mjög falleg og sérstæð, dansararnir voru alveg frábærir. Þess má geta að trommu-hljómsveit Kramhússins gaf sýningunni framandi og skemmtilegan blæ.

Næstu tvo daga voru haldin 6 mismunandi námskeið og var þátttakendum gert að velja sér 2 námskeið - eitt fyrir hvorn dag -.

Námskeiðin sem við gátum valið um voru:

a) "Vellíðan verkar innanfrá". Þar sem Baldvin Steindórsson fjallaði um leiðir til að nýta afl hugans til að auka vellíðan og leiðir til að flétta slökun inn í daglegt líf.

b) "Að hlúa að hæfileikum sínum". Þar upplifðu þátttakendur hæfni sína í dansi, spuna og leikrænni tjáningu undir leiðsögn Cleo Parker Robinson og Hafdísar Árnadóttur. Þetta námskeið skar sig nokkuð úr þar sem hér var lögð áhersla á dans og líkamlega áreynslu. Allir þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa ekki beinlínis haft dans að aðaláhugamáli í lífinu en öll vorum við á einu máli um að upplifunin

þennan dag var stórkostleg - bara meiri-háttar vímulaus vellíðan.

c) "Að láta drauma sína rætast". Þar leiðbeindu Sigurður Ragnarsson og Inga Stefánsdóttir þátttakendum m.a. í því hvernig þeir geta látið drauma sína verða að veruleika og hvernig dag-draumar geta verið aflvaki nýrra dádá. Þarna var unnið með liti, tónlist og frásagnir og ímyndunaraflinu gefinn laus taumur.

d) "Undir kvíðboga". Námskeið um kvíða undir leiðsögn Arnars Sverrissonar. Þar var þátttakendum boðið í leiðangur um sköpunarfrumskóg sjálfsins. Leiðsögnin var fólgin í erindum, umræðum og æfingum.

e) "Að lifa í takt við líkamann". Þar kenndu Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson þátttakendum hæfni til að uppgötva og skynja líkamann, þá var fólk einnig frætt um fæðuvenjur og kenndar ýmsar léttar æfingar til að auka vellíðan.

f) "Að virkja æsku á villigötum". Þetta námskeið var ætlað fólki sem vinnur í meðferð misnotenda. Leiðbeinendur voru Harvey Milkman, Kenneth Wenberg og Einar Gylfi Jónsson. Þar sem þetta námskeið var mjög sérhæft og ætlað áðurnefndum hópi voru engir iðjupjálfar meðal þátttakenda. Annars skiptumst við nokkuð jafnt niður á hin námskeiðin.

